

XFlow®

Vatnsmisturkerfi

Fyrir byggingar á landi

Sparaðu tíma, dýrmætt rými og peninga ... og bjargaðu verðmætum og mannlífum

XFlow® vatnsmisturkerfið býr yfir mörgum framúrskarandi kostum.

XFlow® vatnsmisturkerfið er háþróað og nútímalegt. Kerfið byggist m.a. á áhrifaríkum kælingar- og kæfingarmætti hins fína vatnsúða á eld. XFlow® vatnsmisturkerfin eru notuð í skipum og í byggingum, m.a. í skrifstofubyggingum, skólum, íþróttahúsum, hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum.

XFlow® vatnsmisturkerfin hafa í áratugi verið notuð um borð í skipum. Vatnsmisturfinúðakerfin hafa á hinum seinna árum verið sett upp í byggingar á landi með framúrskarandi árangri. Þar hafa þau leyst af hólmi hefðbundin sprinklerkerfi.

Með XFlow® vatnsmisturkerfinu býðst frábær lausn á hagkvæmu verði. Þetta er brunavarnakerfi, sem í senn er öruggt og hagkvæmt í rekstri, enda byggt á nýjustu tækni á sviði brunavarna.

XFlow® er lágþrýst kerfi, og hefur ótrúlega litla vatnspörf. Hönnunin er einföld og innbyrðis fjarlægðir milli úðara geta verið miklar. Allar lagnir kerfisins eru grannar og því auðvelt að fela þær. Þetta býður ýmsa kosti sem ekki finnast í hefðbundnum sprinklerkerfum. Sem dæmi má nefna:

- Minnkar hættuna á tjóni vegna elds og reyks
- Minnkar hættuna á skemmdum vegna vatnsaga
- Hagkvæm heildarlausn
- Styttir lagnatíma
- Krefst lítils lagnarýmis
- Grannar lagnir og fíngert útlit



XFlow@ úðastúturinn NHP 18A hefur verið notaður í fjölda bygginga um allan heim.

Tæknin á bak við XFlow aðferðina.

Aðaleining XFlow@ kerfisins er hinn einstaki finúðastútur sem þróaður hefur verið fyrir vatns- mistur-finúðakerfið. Við slökkviaðgerð úðar stúturinn vatnsmistri og örsmáum vatnsdropum til að kæla eldinn. Vatnsmistrið gufar upp vegna hitans, vatnsgufan umlykur logana og heldur andrúmsloftinu frá eldinum. Þar með þverr súrefnið, eldurinn nærast ekki lengur og slökknar hratt og örugglega.

Þessi einstaka tækni felur það í sér, að hver úða- stútur getur varið allt að 25 fermetra svæði. Það gerir það að verkum að nota má meiri fjarlægð milli úðastúta en í hefðbundnu sprinklerkerfi, en sprinkler- stútar verja að hámarki 12 fermetra. Þar að auki er XFlow@ lágþrýst kerfi, sem hefur litla vatnspörf. Vatnsnotkun XFlow@ kerfanna er aðeins þriðjungur þess, sem hefðbundin sprinklerkerfi þurfa.

XFlow@ vatnsúðastúturinn, gerð NHP 18A, er út- búinn með vökvafylltu glerröri sem springurvið fyrir- fram ákveðið hitastig, þegar úðun vatnsmistursins skal hefjast. Þá úðar stúturinn vatnsmistri yfir upp- tók eldsins. Úðastútarir eru hannaðir og framleiddir á þann hátt að hætta á opnun/úðun vegna slysnis eða vegna skemmdarverka er í lágmarki.

XFlow@ úðastútar af gerðinni NHP 2/4 eru opnir stútar, þar sem slökkviaðgerð má stýra með reykskynjurum og hitaskynjurum brunaviðvörðunar- kerfis sem er í byggingunni. Slíkir úðastútar henta vel t.d. í stigagöngum og til að verja stóra gluggaveggi (atrium).



Hönnun og þróun XFlow@ vatnsúðastútanna hefur beinst að því að lengja fjarlægð á milli einstakra stúta. Þess vegna má nota talsvert færri stúta til að verja brunahólf. Þetta lækkar lagnakostnað verulega.



NOKKRIR KOSTIR XFLOW® FÍNÚÐAKERFISINS

● MINNKAR HÆTTU Á SKAÐA OG TJÓNI VEGNA ELDS OG REYKS.

XFlow® fínúðakerfinu er ætlað að kæla og kæfa eldinn hratt og örugglega. Þannig er hindrað, að hitinn frá brunasvæðinu berist út fyrir það og hætta á frekari brunatjóni minnkar.

● MINNKAR HÆTTUNA Á SKEMMDUM VEGNA VATNSAGA.

XFlow® fínúðakerfið kæfir og slekkur eld á jafn skilvirkan hátt og önnur vatnsúðakerfi, þrátt fyrir að vatnsnotkun er umtalsvert minni. Vatnsmistur og fínúði hefur sannað kosti sína sem hagkvæm og virk lausn. Fínúðakerfið kæfir og slekkur flesta elda hratt og á árangursríkan hátt og án þess að valda teljandi viðbótarskaða. Hin sérstaklega litla vatnsnotkun fínúðakerfisins er mikill kostur, sem gerir gæfumuninn, m.a. þegar um er að ræða eld í rafbúnaði, eld í húsum með varðveislugildi eða hafa óbætanlega innanstokksmuni eða í rýmum sem hafa að geyma verðmæt skjöl og safngripi.

● KREFST LÍTILS LAGNARÝMIS

Í XFlow® fínúðakerfinu eru notaðar grennri pípur en í hefðbundnu sprinklerkerfi. Þetta er mikill kostur við uppsetningu kerfa í eldri byggingum – en einnig í nýbyggingum þar sem gæta þarf aðhalds við notkun og ráðstöfun rýmis, þ.m.t vegna lagna. Kerfið gefur einnig kost á að lagnir séu steyptar í loftplötur.



● STUTTUR LAGNATÍMI

Vegna lengra millibils milli úðastúta í XFlow® finúðakerfum eru notaðir færri úðastútar en í hefðbundnum sprinklerkerfum. Með einfaldara kerfi, grennri rorum og notkun pressitengja styttest verk-tíminn verulega.

● AUÐVELT AÐ FELA, GRANNAR LAGNIR OG FÍNGERT ÚTLIT

Grannar lagnir og fingert útlit er kostur sem XFlow® finúðakerfið hefur framyfir hefðbundið sprinklerkerfi. Oftast er aðeins lítill hluti úðastútsins sýnilegur í lofti og er jafnvel hulinn með snyrtilegu loki. Lokið má hafa í sama lit og loftið þannig að stúturinn varla sést. Verði lögnum ekki komið inni vegg eða loft auðvelda grannar lagnir hönnuði að minnka eða jafnvel eyða alveg útlitstruflunum af utanáliggjandi lögnum. Í nýbyggingum má jafnvel steypa heildregnar lagnir í loftaplötur.

● HAGKVÆM HEILDARLAUSN, ALLT SEM ÞARF

Færri úðastútar, grennri lagnir, styttri verk-tími, minni sjónmengun, minni efnisþörf, minna lagnarými, hágæða lagnaefni án útfellinga, tiltölulega lítil vatnsþörf og heildaröryggi kerfis eru meðal þeirra atriða, sem skoða verður vandlega við val á brunavarnakerfum. XFlow® finúðakerfin standast fullkomlega samanburð og eru afar samkeppnishæf í stofnkostnaði og rekstri að teknu tilliti til þessara atriða.




XFLOW® VATNSMISTURKERFI BORIÐ SAMAN VIÐ HEFÐBUNDIÐ SPRINKLERKERFI

Gerð:	Hefðbundið sprinklerkerfi	XFlow® Vatnsmisturkerfi
Þrýstingur við úðastút	0,5 bar	4 bar
Slökkviaðferð	Kæling	Kæling og kæfing
Uppbygging kerfis	Flókin	Einföld
Verð	Lágt	Lágt
Vatnsnotkun	5 l/min/m ²	1,6 l/min/m ²
Rörþvermál	Stórt	Lítið
Röragerð	Svart járn	Ryðfrítt stál, galvaniseruðu stál
Vinnuþrýstingur dælu	< 12,5 bar	< 16 bar
Tengi	Skrúfuð tengi	Pressutengi
Hámarks flatarmál á úðastút	12 m ²	25 m ²

HÖNNUNARREGLUR

XFlow® Vatnsmisturkerfi sem sett eru upp í byggingar á landi eru hannaðar samkvæmt ýmsum gildandi reglum um vatnsmisturkerfi og sprinklerkerfi. Meðfylgjandi er listi yfir helstu reglur sem notaðar hafa verið við hönnun og uppsetningu vatnsmisturkerfa.

Reglur:	Svið:
IMO Resolution A800, IMO MSC Circular 66 8/1165/913	Maritime
NFPA 750 / NFPA 560	USA / Worldwide
Factory Mutual - ýmsir staðlar og drög	Insurance / USA
CEN TS/EN 14972	EBE
AS 4587	Ástralía
Danskar reglur - Forskrift 251 / 254	Danmörk



Novenco Fire Fighting vatnsmisturkerfi var valið sem slökkvikerfi fyrir frístundasvæðið SeaWest í Danmörku, sem hýsir vatnagarða og heilsuræktarstöð.

PRÓFANIR:

XFlow® kerfið hefur verið prófað hjá DBI (Dansk Brand og Sikringsteknisk Institut) eftir prófunarstöðlum Factory Mutual.

XFlow® kerfin eru hönnuð í samræmi við SOLAS Chapter II og IMO Resolution A.800 (19), MSC 1165 og MSC 913 og eru viðurkennd af mörgum skipaflokkunarfélögum (Det Norske Veritas, Lloyds Register, Bureau Veritas o.fl.)

Novenco er vottað samkvæmt ISO 9001.

Nánari upplýsingar um XFlow®

Vatnsmisturkerfin

Ef frekari upplýsinga er þörf um ýmsar lausnir á notkun XFlow® vatnsmisturkerfanna er söludeild okkar ljúft að ræða við viðskiptamenn – án nokkurra skuldbindinga.

Sími er +45 70 12 07 00

Tölvupóstur: firefighting@novencogroup.com

Umboð á Íslandi:

Misturkerfi ehf
Grænahlíð 4
105 Reykjavík

Sími: 896 2517
si@misturkerfi.is

www.misturkerfi.is



Novenco Fire Fighting þróar og framleiðir loftræstibúnað og slökkvikerfi, sem eru kynnt og seld um allan heim af datturfyrirtækjum og umboðsmönnum.

Fyrirtækið var stofnað í Danmörku 1947 og er í dag leiðandi fyrirtæki á heimsvísu.

Novenco Fire Fighting er í senn tákn fyrir gæði og vistvæna framleiðslu.

Fyrirtækið er vottað samkvæmt ISO 9001.

Aðalstöðvar Novenco Fire Fighting eru í Næstved í Danmörku.

XFlow® eru skrásett vörumerki í eigu Novenco Fire Fighting.

Meiri upplýsingar er að finna á

www.novenco-ff.com